



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ
Ágúst 2004



Verkefnaáætlun fyrir árin 2003–2007

EFNISYFIRLIT

<u>INNGANGUR</u>	3
<u>ALMENN VERKEFNI</u>	4
<u>FJARSKIPTI</u>	6
<u>PÓSTMÁL</u>	8
<u>VEGAMÁL</u>	9
<u>SIGLINGAR</u>	13
<u>FLUGMÁL</u>	15
<u>FERÐAMÁL</u>	17
<u>VIÐAUKAR</u>	18

INNGANGUR

Í upphafi kjörtímabils er mikilvægt að staldra við, meta hvert halda skal og setja stefnuna. Með þessari verkefnaáætlun er ætlunin að gera grein fyrir helstu verkefnum sem samgönguráðherra ætlar að vinna að á kjörtímabilinu sem nú er nýhafið. Af mörgu er að taka og mikilvægt að vel sé haldið á spilunum. Í þeirri viðleitni hefur mikil vinna átt sér stað innan ráðuneytisins á liðnum misserum, með það að meginmarkmiði að bæta verkferla og skipulag við úrlausn verkefna. Liður í því er að veturinn 2003–2004 verður tekin í notkun starfsmannahandbók samgönguráðuneytisins þar sem m.a. er fjallað um stjórnsýslu, verkferla almennra afgreiðslumála og almennt verklag starfsmanna.

Verkefnaáætlun sem þessi veitir ráðuneytinu og starfsmönnum þess aðhald til að fylgja eftir þeim málum sem lagt er af stað með í upphafi kjörtímabils. Með því að birta hana á heimasíðu ráðuneytisins er aðilum utan þess gefið tækifæri til að fylgjast með framgangi mála. Verkefnaáætlunin verður lifandi áætlun á þann hátt að hún verður uppfærð á tímabilinu þegar tilefni þykir til.

Á síðasta kjörtímabili urðu fjölmörg frumvörp að lögum eða alls 45 auk þingsályktana um samgönguáætlun og öryggismál sjófarenda. Ætlunin er að halda þessu ötula starfi áfram á því kjörtímabili sem nú er nýhafið og varðar verkefnaáætlunin þá leið.

20. október 2003



ALMENN VERKEFNI

Útgáfa vefrits

Ráðuneytið gaf út sitt fyrsta vefrit í júní 2004. Gert er ráð fyrir að það komi út einu sinni í mánuði til að byrja með.

Ráðstefnur framundan

Ýmsar ráðstefnur og viðburðir eru áætlaðir á vegum ráðuneytisins og stofnana þess á næstu árum. Þeirra á meðal er:

- Fjarskiptaping, áætlað 2004.
- Samgönguþing, áætlað fyrir gerð næstu samgönguáætlunar.
- Öryggisvika sjómanna, áætluð haustið 2004 í tengslum við alþjóðasiglingadaginn.
- Ferðamálaþing.

Formennska í Norðurlandaráði

Ísland fer með formennsku í Norðurlandaráði á árinu 2004. Helstu áherslur á sviði samgöngu-, fjarskipta-, og ferðamála verða eftirfarandi:

- Unnin verður nákvæm greining á samgöngum innan vestnorræna svæðisins. Einnig verður metin staða og þörf á samgöngum til og frá svæðinu.
- Ísland leggur áherslu á öryggi í samgöngum og mun á breiðum grundvelli velta upp spurningum er varða öryggi til sjós og lands. Vinnuhópi verður falið að gera tillögur um aukið öryggi á vegum, ekki síst í dreifðum byggðum.
- Stuðlað verður að stefnumótun í menningartengdri ferðaþjónustu. Nauðsynlegt er að afmarka verkefnið við sameiginlega þætti í norrænni menningu í fortíð, nútíð og framtíð.
- Lögð verður áhersla á öryggi sjófarenda á Norður-Atlantshafi og öðrum hafsvæðum sem að Norðurlöndunum liggja. Brýnt er að hafin verði vinna við gerð samnorrænnar stefnumótunar á þessu sviði fyrir árin 2005–2010 og að fyrstu drög að henni liggi fyrir í lok ársins 2004.
- Innan fjarskipta- og upplýsingatækni munu Norðurlöndin starfa eftir þeirri stefnumótun sem þegar liggur fyrir og gildir fyrir árin 2002–2004. Á árinu 2004 er nauðsynlegt að huga að endurskoðun þessarar stefnu.

Árangursstjórnun

Í lok ársins 2000 voru gerðir árangursstjórnunarsamningar við allar stofnanir er heyra undir ráðuneytið og um þessar mundir er unnið að endurskoðun þeirra. Með árangursstjórnun er átt við það að stofnanirnar setji sér markmið, markmiðin séu mæld og þeim fylgt eftir. Með stöðugri endurtekningu ferlisins er sífellt leitast við að bæta árangur stofnananna. Stefnt er að því að endurskoðun verði lokið á árunum 2004–2005.

Flutningur starfa út á land

Á síðasta kjörtímabili var stofnað til rúmlega níutíu nýrra starfa úti á landi á vegum stofnana samgönguráðuneytisins og hlutafélaga á þess vegum. Árið 2003 lauk ráðuneytið við gerð áætlunar um flutning verkefna út á land til næstu fjögurra ára. Í áætluninni eru lagðar fram nokkrar tillögur, en þær helstu eru eftirfarandi:

- Flutningur verkefna frá einstökum stofnunum.
- Forráðamenn stofnana sem heyra undir ráðuneytið sendi reglulega frá sér greinargerð varðandi flutning verkefna og starfa út á land sem og stefnu þeirra og framkvæmd í kaupum á þjónustu.
- Að halda áfram að skoða möguleika á þjónustuverum um landið þar sem sýndur hefur verið áhugi á slíku af heimamönnum. Um er að ræða samstarf stofnana ráðuneytisins og í vissum tilvikum samstarf við sveitarstjórnir.

FJARSKIPTI

Höfuðmarkmið: Ódýr, örugg og aðgengileg fjarskipti.

Langtímafjarskiptaáætlun

Hafin er undirbúningsvinna við gerð áætlunar sem mun fela í sér stefnumótun á sviði fjarskipta á Íslandi fyrir árin 2004–2010. Sérstök verkefnisstjórn hefur verið skipuð til að vinna að áætluninni sem gert er ráð fyrir að verði lokið haustið 2004. Verkefnisstjórnin mun leggja áherslu á að fá sem flest sjónarmið inn í umræðuna með því að hvetja fagaðila sem og leikmenn til að koma með ábendingar og innlegg.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram m.a. að lögð verði áhersla á að nýta sem best kosti upplýsingasamfélagsins og rafrænnar stjórnsýslu til að tryggja jafnt aðgengi fólks um land allt að nauðsynlegum upplýsingum og þjónustu, og mun verkefnisstjórnin leitast við að framfylgja þeirri stefnu.

Í langtímaáætlun verður m.a. fjallað um:

- **Bætt fjarskiptasamband á vegum landsins**
Bætt vegakerfi og fjölgun ferðamanna hefur leitt til aukinnar umferðar á þjóðvegum landsins. Því verður sífellt mikilvægara að gott símasamband verði á landinu öllu. Í samgönguáætlun 2003–2014 fékk Vegagerðin það verkefni að bæta símasamband á vegum landsins og vinnur hún að áætlun um fyrirkomulag og kostnað við að fjölga GSM-sendum á fjölförnu þjóðvegum landsins í samstarfi við símafyritækni.
- **Öryggi upplýsinga á fjarskiptanetum**
Með vaxandi notkun upplýsingatækninnar er mikilvægt að öryggi upplýsinga sé tryggt. Reynsla þeirra sem tengja tölvur sínar við fjarskiptanet sýnir að hættu er á að óviðkomandi aðili brjóti sér leið inn í tölvurnar og komist yfir, skemmi eða eyðileggi upplýsingar. Margar þjóðir hafa brugðist við með því að auka eftirlit. Nauðsynlegt er að Íslendingar fylgi öðrum þjóðum í þessum efnum og til að stuðla að því mun Póst- og fjarskiptastofnun vinna að verkefninu *Net- og upplýsingaöryggi*. Gert er ráð fyrir að verkefnið standi yfir í tvö til þrjú ár.
- **Þriðja kynslóð farsíma**
Frumvarp til laga um úthlutun rekstrarleyfa fyrir þriðju kynslóð farsíma (3G) var lagt fram í annað sinn á vorþingi 2004, en varð eigi útrætt. Frumvarpið verður lagt fram í þriðja sinn á haustþingi 2004.
- **Stafrænt sjónvarp**
Starfshópur sem vann að tillögum um innleiðingu stafræns sjónvarps skilaði af sér [greinargerð](#) í apríl 2003. Verkefni starfshópsins var að ræða við markaðsaðila og gera tillögu um rekstrarform dreifikerfis, útboð, greiðslufyrirkomulag og kostnaðaráætlun, með það fyrir augum að dreifing á stafrænu sjónvarpi yrði ekki minni

en dreifing sjónvarps er í dag. Meginniðurstaða starfshópsins varð sú að stjórnvöld hefðu forgöngu um stofnun sameiginlegs dreifingarfyrirtækis á sjónvarpsmarkaði þar sem allir aðilar hefðu jafnan aðgang að dreifingu myndefnis. Mikilvægt er að við innleiðingu þessarar nýju tækni verði litið til alls landsins.

- **Breiðbandsvæðing landsins**

Í [nefndaráli](#) sem nefnd á vegum ráðuneytisins vann árið 2002 kom fram að mikilvægt væri að kostnaður við gagnaflutning innanlands yrði jafnaður og aðgangur allra landsmanna að gagnaflutningsnetinu yrði tryggður. Ráðuneytið er sammála niðurstöðum nefndarinnar, en breiðbandsvæðing alls landsins stuðlar að jafnvægi í byggð landsins og er hluti af byggðaaáætlun.

- **Fjarskipti í dreifbýli**

Hluti af langtímafjarskiptaáætlun er að kanna hvort möguleiki sé á að leggja ljósleiðara til allra heimila í dreifbýli í samræmi við byggðaaáætlun.

Hlutabréf í Landssíma Íslands hf.

Á haustþingi 2003 var samþykkt frumvarp þess efnis að umsjón með hlut ríkisins í fyrirtækinu færðist frá samgönguráðuneytinu til fjármálaráðuneytisins 1. janúar 2004. Ástæðan er tvíþætt, annars vegar vegna vaxandi samkeppni á fjarskiptamarkaði og hins vegar til að koma í veg fyrir tortryggni gagnvart eftirlitshlutverki ráðherra fjarskipta.

Farice hf.

Brún þörf er á öruggari og öflugri tengingu við umheiminn þar sem bandvíddarþörf frá landinu fer sívaxandi. Af þeim sökum stofnaði íslenska ríkið, Landssíminn hf. og færeyski landssíminn, ásamt fleiri fjarskiptafyrirtækjum á Íslandi og í Færeyjum, fyrirtækið Farice hf. í september árið 2002. Markmiðið með stofnun fyrirtækisins var að leggja öflugri sæstreng á milli Íslands, Færeyja og Skotlands. Sæstrengurinn kom að landi á Íslandi í byrjun september 2003 og var hann tekinn í notkun 1. febrúar 2004.

Ný fjarskiptalög

Helstu breytingar með nýju [fjarskiptalögum](#) eru þær að ekki er lengur krafist rekstrarleyfis til að stunda fjarskiptastarfsemi, en þess í stað munu fjarskiptafyrirtæki starfa eftir almennum heimildum. Á grundvelli laganna verður ýmsum reglugerðum hrint í framkvæmd og má þar t.d. nefna reglugerð um sundurliðun fjarskiptamarkaða, um greiningu á stöðu markaða og um mælikvarða sem nota skal við mat á því hvort fyrirtæki, eitt eða fleiri saman, hafi umtalsverða markaðshlutdeild.

Endurskoðun verkefna Póst- og fjarskiptastofnunar

Sterk eftirlitsstofnun er grundvallaratriði fyrir framtíðarþróun fjarskipta á Íslandi og hefur markvisst verið unnið að stefnumörkun innan Póst- og fjarskiptastofnunar í því sambandi. Markmiðið er að skapa sterka eftirlitsstofnun sem stuðlar að samkeppni og jafnræði og nýtur almenns trausts á fjarskiptamarkaðnum. Þar sem kveðið er skýrt á um aukid frumkvæði og vandaða málsmeðferð í [lögum](#) sem samþykkt voru á vörþingi 2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, kemur fram að stofnunin skuli stuðla að samruna fjarskipta- og upplýsingatækni og verður rík áhersla lögð á að svo verði gert.

PÓSTMÁL

Höfuðmarkmið: Ódýr, hröð og örugg póstpjónusta.

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar

Ráðuneytið leggur áherslu á eftirlitshlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar, þannig að póstpjónusta verði í takt við höfuðmarkmið póstmála: Ódýr, hröð og örugg.

Einkaréttur afnuminn

[Löggjöf um póstpjónustu](#) var breytt árið 2002 á þann veg að íslenska ríkið hefur frá 1. janúar 2003 til 1. janúar 2006 einkarétt á póstpjónustu vegna póstsendinga bréfa sem eru allt að 100 g í stað 250 g og frá og með 1. janúar 2006 einkarétt á póstpjónustu vegna póstsendinga bréfa sem eru 50 g. Samkvæmt gildandi tilskipun Evrópusambandsins um póstpjónustu í aðildarríkjunum er að því stefnt að póstpjónusta verði gefin frjáls á árinu 2009.

Fimm daga dreifing

Samkvæmt framkvæmdaáætlun Íslandspósts hf. um fimm daga póstpjónustu landpósta er ráðgert að breyting úr þriggja daga þjónustu á viku í fimm daga á viku verði lokið 1. október 2004 um land allt.

Íslandspóstur hf.

Sem handhafi hlutabréfa ríkisins í Íslandspósti hf. mun samgönguráðherra leggja áherslu á að samhliða eðlilegri rekstrarhagvæmni verði aðgengi að póstpjónustu tryggt.

VEGAMÁL

Höfuðmarkmið: Greiðar, öruggar og umhverfisvænar samgöngur og hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri.

Samgönguáætlun

Á árinu 2002 voru samþykkt [lög um samgönguáætlun](#) og á vorþingi 2003 voru samþykktar þingsályktanir samgönguáætlunar fyrir árin [2003–2006](#) og [2003–2014](#).

Markmiðum samgönguáætlunar verður framfylgt á kjörtímabilinu, en þau eru:

- Greiðar samgöngur.
- Hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri.
- Umhverfisvænar samgöngur.
- Öryggi í samgöngum.
- Bættar almenningssamgöngur.

Umhverfismál

Í samgönguáætlun eru sett fram ýmiss konar áform í umhverfismálum. Auk þess gaf samgönguráðuneytið ásamt Vegagerðinni út [skýrslu árið 2001 um losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna](#). Skýrslan var hugsuð sem undirbúningsskýrsla til frekari stefnumótunar. Unnið verður áfram að umhverfismálum í samræmi við samgönguáætlun og tilgreinda skýrslu þar sem m.a. verður farið yfir gjaldtöku af samgöngum m.t.t. umhverfisþátta.

Mat á samgönguáætlun

Hafinn er undirbúningur að rannsóknarverkefni til að meta árangur samgönguáætlunar. Komið verður upp viðmiðum og mælikvörðum til að leggja mat á árangur í samgöngukerfinu þannig að hægt verði að meta samgönguáætlunina. Samgönguráð hefur umsjón með rannsókninni.

Útboð sérleyfa

Í [lögum frá 2001](#), um fólks-, vöru- og efnisflutninga á landi er fallið frá svokölluðu sérleyfayfirkomulagi. Í stað þess verða útboð á sérleyfum sem áætlað er að ljúki 1. ágúst 2005. Fram að því gilda þjónustusamningar við fólksflutningafyrirtæki til þess að reka almenningssamgöngur, sem bera sig ekki annars, á þeim svæðum sem stjórnvöld vilja halda uppi slíkri þjónustu.

Öryggisaðgerðir á vegakerfinu

Ráðuneytið leggur ríka áherslu á öryggisaðgerðir á vegakerfinu og hefst vinna í haustið 2003 við aðgerðaráætlun í umferðaröryggismálum á vegum. Helstu aðgerðir verða þær að merkingar á vegum verða bættar, eftirlit með bílaleigubílum aukið, ljósastaurum með brotflötum, sem er öflugt öryggistæki verður fjölgað, auk þess sem haldið verður áfram að fækka einbreiðum brúm á landinu. Áætlunin byggist m.a. á [skýrslu Rannsóknarnefndar umferðarslysa um banaslys í umferðinni árið 2002](#).

Ferjurekstur

Ferjur gegna lykilhlutverki fyrir ákveðnar byggðir í landinu auk þess sem þær eru mikilvægur

þáttur í þjónustu við ferðamenn. Ferjuleiðum hefur fækkað á undanförunum árum, en árið 2003 voru þær sex. Þær eru: Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn, Stykkishólmur–Brjánslækur, Ísafjörður–Djúp, Dalvík–Grímsey–Hrísey, Hrísey–Árskógssandur, og Mjóifjörður– Neskaupstaður.

Nefnd samgönguráðherra um ferjurekstur á Breiðafirði skilaði [skýrslu](#) í janúar 2003. Sérstakur starfshópur fór yfir niðurstöður skýrslunnar og þá sérstaklega tillöguna um nýtt skip. Í framhaldi af þeirri vinnu var stefnt að sérstöku samráðsferli, að meðtöldum fundi sem haldinn verður veturinn 2004–2005 um ferjurekstur á Breiðafirði og ferðaþjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum og á Snæfellsnesi.

Starfshópur um samgöngur til Vestmannaeyja skilaði [skýrslu](#) í mars 2003. Í skýrslunni komu fram nokkrar athyglisverðar tillögur. Samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi á 126. löggjafarþingi, og einni af tillögum starfshópsins er unnið að rannsóknum á hafnarstæði í Bakkafjöru og verður þeim lokið á næstu tveimur til þremur árum og þá verður jafnframt ljóst hvort um raunhæfan kost er að ræða í samgöngum milli lands og Eyja.

Þá hefur verið skipuð nefnd til að fara yfir ferjuþjónustu við Grímsey og er búist við tillögum um áramótin. Gert er ráð fyrir óbreyttri þjónustu út í Hrísey og milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar.

Endurskoðun vegalaga

Starfshópur hefur verið skipaður til þess að vinna að endurskoðun vegalaga þar sem lögð verður áhersla á að fá fram sem flest sjónarmið á núgildandi vegalögum. Starfshópnum er einnig ætlað að gefa yfirlit um hvernig löggjöf þessi er í nágrannalöndum okkar og bera hana saman við vegalögin hér á landi. Stefnt er að því að starfshópurinn ljúki störfum á árinu 2004.

Gjaldtaka af samgöngum

Hafinn er undirbúningur að stefnumótun ráðuneytisins í gjaldtöku af samgöngumannvirkjum. Um er að ræða afar þýðingarmikið verkefni sem skiptir miklu máli sé litið til framtíðar. Má þar nefna gjaldtöku í jarðgöngum og á umferðarmiklum mannvirkjum.

Umferðarmál flutt til samgönguráðuneytisins

Í lok október 2003 samþykkti ríkisstjórnin að flytja mál er varða ökutæki og umferðarmál frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til samgönguráðuneytisins. Málefni björgunarsveita og miðstöðvar leitar og björgunar sem staðsett er í Reykjavík verða í umsjá samgönguráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að rekstur vaktstöðvar siglinga sem er á vegum samgönguráðuneytisins verði samhæfður rekstri öryggisstofnana á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Samþykkt ríkisstjórnarinnar hefur verið fylgt eftir með viðeigandi lagabreytingum sem tóku gildi 1. janúar 2004.

Umferðaröryggismál - Breytum þessu!

Í júlí 2004 setti samgönguráðherra fram aðgerðaráætlunina „Breytum þessu!“. Áætlunin skiptist í tíu eftirfarandi liði:

Í fyrsta lagi

Einbreiðum brúm á þjóðvegum landsins verður fækkað. Þessar slysgildir eru alltof alltof margar. Á næstu 12 mánuðum er gert ráð fyrir að 20 einbreiðar brýr verði teknar úr notkun.

Í öðru lagi

Mikið verður lagt í að ná samkomulagi við sveitastjórnir hringinn í kringum landið og banna lausagöngu búfjár og hrossa - sérstaklega við þjóðveg eitt. Lausagangan skapar mikla hættu og hefur ítrekað kostað mannlíf.

Í þriðja lagi

Hafin er vinna við að skoða útfærslu á reglugerð vegna svokallaðrar „ökugerðishugmynda“. Með þeirri reglugerð verður öllum sem taka bílpróf skylt að taka tíma á sérstökum æfingasvæðum sem nefnast ökugerði. Þar öðlast nemendur til dæmis skilning á hversu bjargarlausir þeir eru í hálfu ef ekið er hraðar en aðstæður leyfa. Þessum hálkubrautum er ekki ætlað að kenna fólki að bregðast við þegar bíll rennur í hálfu, heldur, að aka skynsamlega við erfiðar aðstæður og koma þannig í veg fyrir að slíkar aðstæður komi upp yfir höfuð.

Í fjórða lagi

Slysarannsóknir verða eflar. Fjárfesting í rannsóknum skilar sér í aukinni þekkingu á slysgildrum og fækkun slysa.

Í fimmta lagi

Vegamerkingar verða bættar. Hér er ég sérstaklega að tala um leiðbeinandi hraðamerkingar á erfiðum vegaköflum, t.d. kröppum beygjum. Vegagerðin metur þá ákveðna vegakafli, finnur út æskilegan hámarkshraða á því vegbili og setur upp sérstakar merkingar.

Í sjötta lagi

Erlendir ferðamenn lenda í allt of mörgum af slysum á þjóðvegnum. Við þessu þarf að bregðast. Umferðarstofa mun gefa út sérstakt myndband fyrir erlenda ferðamenn um þær aðstæður sem hér eru og undirbúa þannig erlenda gesti betur en nú er gert.

Í sjöunda lagi

Samgönguráðherra mun leggja fram [endurskoðaða umferðaröryggisáætlun](#) sem verður á ábyrgð Umferðarstofu að fylgja eftir. Vinnuhópur skipaður fulltrúum samgönguráðuneytis, Vegagerðar, Ríkislögreglustjóra, Umferðarstofu og Umferðarráðs, mun sumarið 2004 endurskoða áætlunina og leggja fram tímasettar aðgerðir með skýrum markmiðum til fjögurra ára, og áætluðum kostnaði þar sem ábyrgð verkefna verður skýr.

Í áttunda lagi

Hraðaefirlit verði eftt með aukinni notkun eftirlitsmyndavéla í samstarfi við lögregluna. Reynslan frá Bretlandi og Danmörku hefur sýnt, svo ekki verður um villst, að hraðamyndavélar geta fækkað alvarlegum slysum verulega. Sérstaklega eru áhugaverðar myndavélar sem mæla hraða á ákveðnum vegaköflum. Þá vinna tvær myndavélar saman - önnur tekur mynd í upphafi vegakaffans og hin í lokin. Síðan er reiknaður út meðalhraði bílsins. Slíkar myndavélar gætu haft mikil áhrif í dreifbyli þar sem eftirlit er lítið en hraðinn oft þeim mun meiri.

Tölvukubbur í hvern bíl er lausn sem er orðin tæknilega framkvæmanleg. Vegagerðin hefur unnið að þróunarverkefni með ND á Íslandi, sem hefur þróað þráðlausan ökurita. Þetta er lausn sem vert er að skoða með tilliti til umferðaröryggismála um leið og þar

getur legið framtíðarlausn í gjaldtöku á vegakerfinu. Hins vegar er alveg ljóst að kerfi eins og þetta yrði að taka mikið tillit til persónuverndarsjónarmiða. Slíkt kerfi mætti aldrei vera hægt að nota til að fylgjast með ferðum fólks.

Í niunda lagi

Nokkrar stórframkvæmdir Vegagerðarinnar munu hafa mikil áhrif. Hér verða fjórar þeirra nefndar sérstaklega. Fyrsta áfanga við tvöföldun Reykjanesbrautar verður lokið innan skamms, lagður verður nýr vegur um Stafholtstungur í Borgarfirði, vegurinn um Norðurárdal í Skagafirði verður endurbættur og framkvæmdir við jarðgöng í Almannaskarði eru hafnar. Allt eru þetta tímamótaframkvæmdir.

Í tíunda lagi að breyta viðhorfi almennings til hraðaksturs. Það er staðreynd að of mörgum finnst það sjálfsagt að aka á ólöglegum hraða. Á sama tíma er hraðakstur algengasta orsök alvarlegra slysa. Því verða forvarnir efldar.

SIGLINGAR

Höfuðmarkmið: Að auka öryggi og hagkvæmni í siglingum.

Lög um öryggismönnun skipa

Frumvarp um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa varð að [lögum](#) árið 2001. Á komandi þingi verður lagt fram frumvarp um öryggismönnun annarra skipa. Markmið frumvarpsins er að tryggja öryggi áhafna og farþega íslenskra skipa. Því markmiði verður best náð með því að gera kröfur um menntun og þjálfun sjófarenda og tryggja þannig faglega hæfni áhafna miðað við stærð skipa og verkefni.

Öryggismál sjómanna

Gerð hefur verið [langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda](#). Markmiðið með áætluninni er að fækka sjóslysum og draga úr tjóni vegna þeirra með sameiginlegu átaki allra sem tengjast öryggismálum sjófarenda. Á vörþingi 2003 var langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda í fyrsta sinn felld inn í samgönguáætlun.

Ný verkefnisstjórn um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda var skipuð árið 2003 til þriggja ára. Aðalmarkmið verkefnastjórnarinnar er að treysta öryggi íslenskra skipa, áhafna og farþega. Verkefnastjórnin mun halda áfram starfi fyrri verkefnisstjórnar við útgáfu bóka og bæklinga í fræðsluskyni auk annars sem kemur að gagni til að auka öryggi í siglingum og á sjó.

Vaktstöð siglinga

Sumarið 2004 var samræmd siglingavaktstöð tekin í notkun í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð. Landhelgisgæslan og Neyðarlínan sjá um rekstur nýju vaktstöðvarinnar, en eftirlit með vaktstöðinni er í höndum Siglingastofnunar og fyrirtæki á vegum Flugmálastjórnar, Flugfjarskipti ehf., þjónustar stöðina á sviði fjarskipta. Með nýju vaktstöðinni er eftirlit skipaumferðar komið á einn stað.

Skipaskoðun einkavædd

Einkavæðing skipaskoðunar kom til framkvæmda 1. mars 2004. Markmiðið með einkavæðingunni er að einfalda og stuðla að samræmdu eftirliti og færa skoðanir til einkarekinna skoðunarstofa.

Ný hafnalög

[Ný hafnalög](#) voru samþykkt á vörþingi 2003 þar sem m.a. sjálfstæði hafna var aukið. Í beinu framhaldi af lögnum var unnið að því að stilla upp fyrirmynd að hafnareglugerð sem mun gilda fyrir allar hafnir landsins þó að útfylltum sér ákvæðum er varða t.d. skipulag tiltekinnar hafnar. Drögin hafa verið send Hafnarsambandi sveitarfélaga til umsagnar. Í drögnum eru m.a. tilgreind mörk hafnar auk ákvæða er varða öryggi og stjórnun hennar. Þegar tillögur Hafnarsambandsins og Siglingastofnunar hafa borist verða þær sendar einstaka höfnum til frekari útfyllingar og því næst mun ráðuneytið birta þær og gefa út. Einnig er unnið að endurskoðun almennu reglugerðinnar sem gildir fyrir allar hafnir landsins.

Siglinga- og hafnavernd

Þann 1. júlí 2004 tók gildi [ný alþjóðleg siglingaverndaráætlun](#). Áætlunin fjallar um ráðstafanir sem aðildarríkjum ber að gera til að hindra ólögmætar aðgerðir í höfnum og gegn siglingum. Einnig til að koma í veg fyrir að skip verði skotmark alþjóðlegra hryðjuverkahópa.

Af því tilefni var skipaður starfshópur í maí 2003 sem hefur það hlutverk að innleiða breytingu á Solas-samþykktinni og ISPS-reglunni hér á landi. Hlutverk starfshópsins er að:

- Fara yfir og skilgreina þær kröfur sem gerðar eru, og hverjum beri að fullnægja þeim.
- Gera tillögur að nauðsynlegum laga- og reglugerðarbreytingum til að innleiða framan- greindar alþjóðlegar kröfur.
- Semja siglingaverndaráætlun fyrir Ísland.
- Kanna fjárhagsleg áhrif innleiðingarinnar.

Hópurinn skilaði [áfangaskýrslu í desember 2003](#) og í janúar kom út [lokaskýrsla](#) stýrihópsins, en þá lauk hann jafnframt störfum.

Alþjóðleg skipaskrá

Kaupskipum á íslenskri skipaskrá hefur fækkað á undanförunum árum, þrátt fyrir að lögum um skráningu skipa hafi verið breytt og heimildir rýmkaðar til að skrá kaupskip á íslenska skipaskrá. Samgönguráðuneytið hefur á þessum tíma unnið að endurskoðun laga og reglna um mönnun íslenskra kaupskipa þar sem m.a. stimpilgjöld hafa verið felld niður. Markmiðið er að koma kaupskipum undir íslenskan fána og hvetja jafnframt til ráðningar á íslenskum sjómönnum. Á kjörtímabilinu verður leitað allra leiða til að koma á fót alþjóðlegri skipaskrá á Íslandi.

FLUGMÁL

Höfuðmarkmið: Að auka öryggi og hagkvæmni í flugi og flugrekstri og bæta rekstur flugvalla, flugþjónustu og stjórnáætlun í flugmálum.

Framtíðarskipan flugmála

Á kjörtímabilinu verður unnið að nýrri framtíðarskipan flugmála hér á landi og hefur [stýrihópur verið skipaður](#). Markmiðið er annars vegar að auka öryggi og bæta stjórnáætlun í flugmálum og hins vegar að auka hagkvæmni í flugi og flugrekstri á Íslandi. Að undanfögnu hefur umhverfi flugmála mikið breyst í alþjóðlegu samhengi og ábyrgð og hlutverk ríkisins varðandi stjórn flugmála verið til umræðu. Endurskoða þarf rekstrarfyrirkomulagið í heild sinni með það fyrir augum að skilja að stjórnáætlun og rekstur flugvalla og flugumferðarþjónustu.

Rannsókn flugslysa

Á vorþingi 2003 var lagt fram frumvarp til laga um rannsókn flugslysa. Frumvarpið náði ekki fram að ganga. Til að endurbæta frumvarpið var skipuð nefnd með fulltrúum Flugráðs, Rannsóknarnefndar flugslysa og Félags íslenskra atvinnuflugmanna til að fara yfir þau ákvæði sem ekki náðist sátt um. Endurskoðað frumvarp var lagt fram á haustþingi 2003.

Flugvellir

Með breytingu árið 2002 á gildandi [loftferðalögum](#) voru allir flugvellir gerðir leyfisskyldir. Vegna krafna Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) var veturinn 2003–2004 sett ný reglugerð um formlega útgáfu starfsleyfa flugvalla. Í kjölfarið er fyrirhugað að fara yfir flugvelli landsins, skoða þá út frá kröfum nýju reglugerðarinnar og hvort þær eru uppfylltar. Einnig verður farið yfir notkunarmöguleika flugvallanna og komið með tillögum til hagræðingar og endurskipulagningar.

Flugskóli Íslands hf.

Meginmarkmið Flugskóla Íslands hf. er að bjóða upp á almennt flugnám, þ.e. einkaflugmannsnám og atvinnuflugmannsnám. Skólinn hefur öðlast viðurkenningu Flugmálastjórnar til þess að mennta nemendur þannig að þeir eigi möguleika á svokölluðu JAR-skírteini sem felur í sér gagnkvæma viðurkenningu menntunar á milli JAA-ríkjanna og eykur þar með atvinnumöguleika íslenskra flugmanna. Frá stofnun skólans hefur ríkið styrkt bóklega hluta atvinnuflugmannsnámsins að því tilskildu að sá þáttur kennslunnar sé ekki í samkeppni við aðra innlenda skóla. Til að tryggja megi framtíð skólans verður bóklega námið áfram styrkt, en jafnframt verður eignaraðild ríkisins minnkuð.

Flugverndaráætlun

Markmið með flugvernd er að vernda flugsamgöngur gegn ólögumætum aðgerðum og tryggja öryggi flugfarþega, áhafna og almennings. Á síðasta ári var undirritað samkomulag um samræmda flugverndaráætlun til næstu ára fyrir Ísland annars vegar og eftirlitsskylda aðila hins vegar. [EES-reglugerð um flugvernd](#) tók gildi á Evrópska Efnahagssvæðinu á apríl 2004.

Loffferðasamningar

Fulltrúar samgönguráðuneytisins, Flugmálastjórnar, utanríkisráðuneytisins og flugrekenda hafa á undanförunum mánuðum átt í viðræðum við nokkur ríki um gerð loffferðasamninga. Markmiðið með loffferðasamningum er að tryggja aðgang íslenskra flugfélaga að mörkuðum erlendis.

Veturinn 2002–2003 urðu viðræður við fulltrúa nokkurra Asíuríkja til þess að skrifað var undir nýjan loffferðasamning við Kína í mars 2003. Sumarið 2003 hófust viðræður við Dani um endurskoðun loffferðasamnings og við Króata um gerð nýs samnings. Einnig var rætt við aðila frá Ísrael. Í febrúar 2004 náðist samkomulag um texta loffferðasamnings milli Íslands og Sameinuðu arabísku furstadæmanna (SAF), í júlí 2004 var undirritaður samningur milli Íslands og sjálfstjórnarsvæðisins Makaó og í ágúst var undirritaður samningur milli Íslands og kínverska sjálfstjórnarsvæðisins Hong Kong. Stefnt er að gerð sem flestra samninga á þessu sviði á næstu mánuðum.

FERÐAMÁL

Höfuðmarkmið: Að auka vöxt og nýsköpun í íslenski ferðaþjónustu.

Langtíma stefnumótun í ferðamálum fyrir árin 2005–2015

Vinna við langtímastefnumótun í ferðamálum hófst haustið 2003. Þá var einnig þriggja manna stýrihópur skipaður. Ferðamálaráð hefur ráðið starfsmann stýrihópsins sem m.a. mun halda úti heimasíðu þar sem allir geta komið á framfæri hugmyndum sínum. Hlutverk stýrihópsins verður m.a. að skilgreina betur en áður samstarf opinberra og einkaaðila og hlutverk stjórnvalda í fjármögnun, uppbyggingu og vörupróunarverkefnum. Stefnumótunin mun að verulegu leyti byggjast á undirbúnings- og greiningarvinnu á einstökum þáttum ferðaþjónustunnar, sem fjölmargir hópar hafa unnið að á undanförunum misserum. Samgönguáætlun og uppbygging fjarskiptaþjónustu verður einnig höfð til hliðsjónar. Áætlað er að stýrihópurinn ljúki við gerð stefnumótunarinnar í september 2004 með gerð þingsályktunartillögu.

Endurskoðun laga um ferðamál

Lög um ferðamál verða endurskoðuð á kjörtímabilinu þar sem aðstæður í íslenskum ferðamálum hafa tekið miklum breytingum á undanförunum áratug. Endurskoðunin mun m.a. ná til stjórnskipulags, leyfismála, tryggingaskyldu og öryggismála atvinnugreinarinnar.

Öryggisreglur fyrir ferðaþjónustufyrirtæki

Í febrúar 2004 lauk störfum nefnd sem skipuð var árið 2000 til að fara yfir möguleika til að auka öryggi í afþreyingu í ferðaþjónustu á Íslandi og leggja fram tillögur að reglugerð um öryggisreglur og leyfisveitingar í afþreyingu. Gildistaka reglnanna mun bíða þar til að lokinni endurskoðun laga um ferðamál.

Aðkoma stjórnvalda að markaðsmálum

Aðkoma stjórnvalda að markaðsmálum ferðaþjónustunnar var endurskoðuð í ljósi reynslunnar af markaðsráði, sem lagt var niður 2002, reynslu af Iceland Naturally, en samningur er til ársloka 2004, og útboði á markaðsfjármunum á árinu 2003. Leitað var samstarfs við Ferðamálaráð, Ferðamálasamtök Íslands og SAF um áherslur og starfsreglur við úthlutun framlaga í framtíðinni.

Tónlistar- og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík

Samgönguráðuneytið leggur ríka áherslu á bættu aðstöðu til ráðstefnuhalds, en nýlega var stofnað félag ríkis og borgar, Austurhöfn - TR ehf., sem mun standa fyrir byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar. Megintilgangurinn er að fjölga ferðamönnum hér á landi. Stefnt er að byggingu tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvar við Austurhöfn Reykjavíkurhafnar í tengslum við byggingu og rekstur á hóteli á sama stað. Áætlað er að framkvæmdir geti hafist árið 2006.

Norðurbryggja – Bryggjan í Kaupmannahöfn

Samgönguráðuneytið á í samstarfi vegna reksturs upplýsingamiðstöðvar á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn sem miðar að því að efla samstarf Íslands, Danmerkur, Færeyja og Grænlands. Löndin hafa sameinast um að endurreisa eitt elsta og fegursta pakkhús á hafnarsvæðinu, sem stendur gegnt Nýhöfninni. Sameiginleg upplýsingamiðstöð er í húsinu til að kynna ferðaþjónustu landanna og jafnframt er boðið uppá ferðakynningar. Fyrir hönd samgönguráðuneytisins er Ferðamálaráð aðili að hlutafélagi um rekstur

VIÐAUKI I

Samstarfsaðilar samgönguráðuneytisins í ferðamálum.

- Hólaskóli. Vegna fjarnáms í ferðamálafræðum. Samningur frá 2001 til 2004.
- Sveitarfélög á Snæfellsnesi. Samgönguráðuneytið og fimm sveitarfélög á Snæfellsnesi hafa gert með sér samkomulag um að Snæfellsnes verði fyrsta landssvæðið á Íslandi sem fái alþjóðlega vottun Green Globe 21, sem umhverfissvænn ferðamannastaður. Samkomulagið var gert árið 2003.
- Uppbygging ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Samningur samgönguráðuneytisins og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins í tengslum við byggðaaætlun. Frá 2003 til 2005. Hluti af þeim samningi á við Snorrastofu í Reykholti vegna reksturs gestastofu fyrir ferðamenn og einnig vegna menningarvefs ferðaþjónustunnar.
- Samningur um flug til Suður-Grænlands. Samningurinn er á milli ráðuneyta samgöngumála á Íslandi og í Grænlandi og Flugfélags Íslands. Samningur frá 2003 til 2005.
- Hestamiðstöð Íslands. Samningurinn er gerður á milli forsætisráðuneytisins, landbúnaðarráðuneytisins, menntamálaráðuneytisins, samgönguráðuneytisins og Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Gildistími samnings er frá 2000 til 2004.
- Umboðsmaður íslenska hestsins. Að samningnum standa landbúnaðarráðuneytið, samgönguráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Búnaðarbanki Íslands og Flugleiðir. Samningurinn gildir frá 2003 til 2007.

VIÐAUKI II

Hlutafélög og þjónustusamningar samgönguráðuneytisins.

Hlutabréfaeign

Samgönguráðuneytið fer með eignarhlut ríkisins í eftirtöldum hlutafélögum:

- Íslandspósti hf.
- Farice hf.
- Flugkerfum hf.
- Flugskóla Íslands hf.

Þjónustusamningar

Samgönguráðuneytið og stofnanir á þess vegum hafa gert þjónustusamninga m.a. við Slysavarnafélagið Landsbjörg vegna:

- Slysavarnaskóla sjómanna.

VIÐAUKI III

Styrkir.

Vegagerðin hefur gert samninga vegna:

- Áætlunarflugs innanlands, en á undanförunum árum hefur verið stutt við áætlunarflug og sjúkraflug.
- Aksturs sérleyfishafa, en ríkið hefur lengi stutt við þann rekstur.

- Reksturs Hríseyjarferjunnar Sævars, Grímseyjarferjunnar Sæfara, Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss, Breiðafjarðarferjunnar Baldurs, Mjóafjarðarferjunnar Annýjar og flutninga til og frá Vigur í Ísafjarðardjúpi. Það sama á við um þennan rekstur að ríkið hefur styrkt hann.

VIÐAUKI IV

Stofnanir ráðuneytisins og ýmis ráð og nefndir.

Eftirtaldar stofnanir heyra undir samgönguráðuneytið:

- [Ferðamálaráð Íslands.](#)
- [Flugmálastjórn Íslands.](#)
- [Póst- og fjarskiptastofnun.](#)
- [Siglingastofnun Íslands.](#)
- [Umferðarstofa.](#)
- [Vegagerðin.](#)

Þrjár rannsóknarnefndir heyra undir ráðuneytið:

- [Rannsóknarnefnd flugslysa.](#)
- [Rannsóknarnefnd sjóslysa.](#)
- [Rannsóknarnefnd umferðarslysa.](#)

Fjórar úrskurðarnefndir heyra undir ráðuneytið:

- Farbannsnefnd skipa.
- Mönnunarnefnd fiskiskipa.
- Úrskurðarnefnd siglingamála.
- Úrskurðarnefnd um póst- og fjarskiptamál.

Sex ráð heyra undir ráðuneytið og eru ráðgefandi fyrir samgönguráðherra:

- Ferðamálaráð.
- Flugráð.
- Hafnaráð.
- Samgönguráð.
- Siglingaráð.
- Umferðarráð.